

Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfoss

Selfossi, 16. júní 2023
Tilvísun: 2305602

Efni: Álit fagráðs um velferð dýra á hvalveiðum

Fagráði um velferð dýra barst beiðni frá Matvælastofnun, dags. 22. maí 2023, þar sem ráðið var beðið um að veita faglegt álit á því hvort það telji að hægt sé að standa þannig að veiðum á stórhvelum að mannúðleg aflífun þeirra sé tryggð.

Fagráðið fór ítarlega yfir efni eftirlitsskýrslu MAST, *Velferð hvala við veiðar á langreyðum á Íslandi 2022*, og kallaði sérfræðinga á sinn fund til að fá fram þeirra sjónarmið og svara spurningum. Það voru þau Þóra Jónasdóttir, dýralæknir villtra dýra hjá MAST og höfundur eftirlitsskýrslunnar, Edda Elísabet Magnúsdóttir, hvalasérfræðingur og lektor við Háskóla Íslands og Egil Ole Øen, dýralæknir og sérfræðingur um hvalveiðar.

Álit

Að mati ráðsins voru miklir ágallar á veiðum á stórhvelum við Ísland sumarið 2022. Ráðið sá ekki í eftirlitsskýrslu MAST og gögnum sem henni fylgdu sem bendir til þess að eitthvað sérstakt við aðstæður þessarar vertíðar hafi valdið þeim. Því má ætla að veiðar þess árs skeri sig ekki frá öðrum veiðitímabilum.

Af fyrilliggjandi gögnum að dæma og því sem fram kom í samtali við sérfræðinga telur ráðið að við veiðar á stórhvelum sé ekki hægt að uppfylla þau skilyrði sem nauðsynleg eru til að tryggja velferð dýra við aflífun.

Niðurstaða ráðsins er að sú veiðiaðferð sem beitt er við veiðar á stórhvelum samrýmist ekki ákvæðum laga nr. 55/2013 um velferð dýra.

Greinargerð

Fagráðið er sammála þeirri niðurstöðu sem fram kemur í eftirlitsskýrslu MAST, að um þriðjungur þeirra hvala sem veiddir voru á vertíð 2022 hafi háð langt dauðastríð.

Við yfirferð á myndbandsupptökum kom í ljós að skot hittu alla jafna á það skotsvæði sem samkvæmt ráðleggingum á að miða á, en samt sem áður benda myndbönd og önnur gögn til þess að ekki sé tryggt að skotin valdi skjótu meðvitundarleysi eða skjótum dauða.

Í máli sérfræðinganna sem komu fyrir fagráðið, kom fram að ekki væri hægt að sjá að ytri þættir eins og veðurfar og ölduhæð hefðu haft úrslitaáhrif á skilvirkni veiðiaðferðarinnar. Að mati ráðsins er heldur ekki marktækur munur eftir því hvaða skotmenn áttu í hlut.

Í umræðum kom fram að sjö mínútur tekur að endurhlaða skutulbyssu, sem er þá sá lágmarks tími sem tekur að skjóta öðru skoti til að reyna að aflífa hval sem ekki hefur drerist eða misst meðvitund í fyrsta skoti. Við það bætist að ekki er alltaf auðvelt að komast í gott eða hentugt

færi og tími því alla jafna lengri milli skota, eða minnst 10 mínútur upp í allt að 22 mínútur á milli skota, sbr. niðurstöður eftirlits á árinu 2022.

Fagráðið er sammála um að mörg þeirra ófrávíkjanlegu skilyrða sem þarf að uppfylla við skotveiðar á villtum spendýrum, er ekki hægt að viðhafa við veiðar á stórhvelum. Það álit byggir m.a. á eftifarandi atriðum:

- Fram kom í máli sérfræðinganna að ekki sé mögulegt að ákvarða kyn hvala frá veiðiskipunum né hvort þær hvalkýr sem veiddar eru séu kelfdar eða mjólkandi, með kálf sér við hlið.
- Þá er talið af sérfræðingum að lífslíkur móðurlausra hvalkálfa séu hverfandi.
- Skýrt kom fram í máli sérfræðinganna að veiðar á stórhvelum eru ekki mögulegar án þess að dýrunum sé fylgt um tíma. Þar með sé verið að valda þeim og öðrum hvöllum í grennd streitu og ótta.
- Aflífun er ekki möguleg á skjótan og sársaukalausn hátt. [Miðgildi þess tíma sem dauðastríð þeirra hvala sem drápust ekki strax varði, var 11,5 mínútur samkvæmt eftirlitsskýrslu MAST]¹, auk þess sem tvær langreyðar háðu dauðastríð í meira en eina klukkustund.
- Ekki er hægt að tryggja skjótan dauðdaga hvalanna þrátt fyrir að skutli sé skotið á og mið tekst á það svæði sem tilgreint er í ráðleggingum, sbr. grein Egil Ole Øen frá 2021 í *Senri Ethnological Studies*², bar sem segir:

Hitting in a sensitive and vital area is important for a quick kill. No weapons, not even explosive grenades, are so effective that a whale will die instantly, or rapidly, regardless of where the projectile hits the body and the detonation take place. A rapid effect largely depends on which organs that are injured. The impact of the first shot will therefore always be decisive with regard to how quickly the animal collapses and dies.

Fagráðið fjallaði einnig um þær tillögur sem koma fram í svörum Hvals ehf. við eftirlitsskýrslu MAST, en þar er m.a. nefnd þróun nýrrar tækni við veiðarnar. Það er niðurstaða fagráðs að þessar tillögur séu ekki raunhæfar, enda liggi ekki fyrir rannsóknir eða prófanir sem styðja að þær geti samræmst ákvæðum laga um velferð dýra. Í fyrrnefndri grein eftir Egil Ole Øen í ritinu *Senri Ethnological Studies* kemur fram að notkun rafmagns við aflífun hvala (hrefna) sé ekki leið sem tryggi öruggan og skjótan dauða. Egil Ole staðfesti á fundi með ráðinu þessa niðurstöðu.

Upplýsingar, meðal annars frá Noregi, um að mögulegt sé að tryggja að slíkt dauðastríð sem sást á vertíð 2022 eigi sér ekki stað, byggja ekki á veiðum á stórhvelum heldur einungis hrefnum sem eru allt að tífalt minni en langreyðar (fullvaxta hrefnur eru um 6-7 tonn en langreyður um 50-70 tonn³). Flest bendir raunar til þess að þegar saman kemur stærð langreyða og aðstæður við veiðar, þ.e. að dýr er að mestum hluta neðansjávar, bátur á stöðugri hreyfingu og að langan tíma tekur að hlaða byssu að nýju, þá sé vandséð að betur sé hægt að standa að veiðunum.

¹ Leiðrétt frá upphaflega birtu áliti, þar sem stóð „meðaltal“ en það rétta er að um „miðgildi“ tíma er að ræða.

² Animal Welfare in the Conduct of Whaling: A Review of the Research and Developments to Improve Animal Welfare in the Minke Whale Hunt in Norway 1981-2005

https://minpaku.repo.nii.ac.jp/?action=pages_view_main&active_action=repository_view_main_item_detail&item_id=8610&item_no=1&page_id=13&block_id=21

³ Íslensk spendýr. Ritstjóri og aðalhöfundur Páll Hersteinsson. Vaka Helgafell 2004.

BÓKUN FRÁ FULLTRÚA BÍ

Miðað við þau gögn sem lögð hafa verið fyrir fagráð og álit sérfræðinga sem komið hafa fyrir ráðið verður að telja að núverandi aðferð við hvalveiðar sé ósamrýmanleg lögum um velferð dýra. Stendur fulltrúi Bændasamtaka Íslands því að niðurstöðu fagráðs. Með þeirri afstöðu eru samtökin hinsvegar ekki að taka afstöðu til hvalveiða en Bændasamtök Íslands telja mikilvægt að standa vörð um sjálfbæra nýtingu auðlinda til matvælaframleiðslu.

Það álitamál sem lagt var fyrir fagráð sneri einvörðungu að því hvort hvalveiðar samrýmist lögum um velferð dýra, en fulltrúi Bændasamtakanna setur þann áskilnað við málið að um hvalveiðar gildi sérlög og því lögfræðilegt álitamál hvort að gildissvið laga um velferð dýra hafi verið ætlað að ná yfir hvali.